



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Fjármálaskrifstofa hefur fengið fyrirspurn frá stjórnkerfis- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar þar sem spurt er um af hverju meðfylgjandi fyrirspurn hafi ekki verið svarað og hvort yfirlitt sé verið að vinna að svari við fyrirspurninni á fjármálaskrifstofu.

Fyrirspurnin hljómar svona:

Óskað er eftir að stjórnkerfis- og lýðræðisráð kanni hvers vegna svar fæst ekki við eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í hverfisráði Grafarvogs sem lögð var fram 28.10.2014, ítrekuð 28.04.2015 og 15.12.2015 og hvort svo langur tími sé í samræmi við gagnsæja stjórnsýslu. *"Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hverjar heildartekjur borgarsjóðs hafa verið úr Grafarvogi, þ.e. útsvar frá íbúum Grafarvogs, og fasteignagjöldum íbúa og fyrirtækja í hverfinu, póstnúmeri 112 á árinu 2011, 2012 og 2013. Einnig óskar framsókn og flugvallarvinir eftir upplýsingum/yfirliti yfir stærstu útgjaldaliði borgarsjóðs sem snúa beint að hverfinu á sömu árum."*

Svar fjármálaskrifstofu:

Stutta svarið við þessari fyrirspurn er að fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur aðeins að hluta til umbeðin gögn, illa hefur gengið að afla nauðsynlegra gagna og vinnsla á svarinu hefur reynst tímafrek og flókin bæði vegna skorts á aðgengi að grunngögnum og vegna þess að fyrirspurnin er í eðli sínu flókin og kallar í raun á sjálfstæða rannsókn.

Til að útskýra þetta betur þá hefur fjármálaskrifstofa ekki gagnagrunn með sundurliðuðum upplýsingum um útsvar og fasteignagjöld einstaklinga og lögaðila eða skiptingu þessara tekna á póstnúmer.

Ríkisskattstjóri og innheimtumenn ríkisins annast innheimtu útsvars og fjársýsla ríkisins skilar samanteknum upplýsingum í hverjum mánuði um staðgreiðsluskattskil til borgarsjóðs og svo samanteknu lokauppgjöri fyrir hvert ár. Fjármálaskrifstofa hefur eftir að erindið barst kallað eftir upplýsingum frá fjársýslu ríkisins um sundurliðaðar útsvarsgreiðslur eftir póstnúmerum. Í síðbúnum svörum fjársýslunnar kemur fram að fjársýslan hefur ekki svo sundurliðaðar upplýsingar. Í framhaldi af því hefur fjármálaskrifstofa reynt að fá þessi gögn frá ríkisskattstjóra og má gera ráð fyrir að þeirra sé von en ekki liggur fyrir tímasetning á því.

Þjóðskrá Íslands er með fasteignamatgrunninn. Fjármálaskrifstofa hefur hvorki haft aðgang að þessum gagnagrunni eða heildstæðum gagnagrunni með upplýsingum um álagningu gjalda á einstaklinga og lögaðila eftir póstnúmerum fasteigna í Reykjavík. Þjóðskrá er nú að taka saman yfirlit yfir fasteignaskatta einstaklinga og lögaðila eftir póstnúmerum fyrir fjármálaskrifstofu og er von til þess að þessi gögn liggi fyrir fljótlega.



Fjármálaskrifstofa hefur rýnt útgjöld borgarinnar út frá póstnúmerum og hægt er um vik að skipta þeim eftir staðsetningu stofnana. Staðsetning stofnana eftir póstnúmerum kann þó að gefa villandi mynd varðandi hlutverk þeirra gagnvart íbúum borgarinnar í hinum ýmsu hverfum. Dæmi um þetta eru miðlægar stofnanir borgarinnar að veita þjónustu til íbúa og/eða þjónustustofnana sem veita íbúum þjónustu í hverfum borgarinnar. Þar getur sundurliðun útgjalda eftir póstnúmerum reynst flókin. Þetta er egn að síður í skoðun hjá fjármálaskrifstofu.

Borgarsjóður hefur mikil útgjöld af uppbyggingu innviða s.s. fasteigna vegna stofnana borgarinnar og samgöngumannvirkja. Tekjur af sölu byggingarréttar og gatnagerðargjöldum eru hugsuð til að standa undir fjárfestingum í þessum innviðum, enda duga skatttekjur og þjónustutekjur vart fyrir öðru en rekstri stofnana borgarinnar og framlögum. Í sumum hverfum hafa ekki verið innheimt gjöld fyrir byggingarrétt á meðan þau hafa reynst digrir tekjupóstar í öðrum hverfum. Eðlilegt er að taka þetta líka með í samanburð þann sem hér er kallað eftir.

Að mati fjármálaskrifstofu er fyrirspurnin áhugaverð fyrir þá sem fara með fjármálastjórn borgarinnar hverju sinni, ekki síst borgarráð, og hefur skrifstofan af þeim sökum reynt að hraða þessu verkefni svo sem kostur er þannig að hægt sé að veita sem gleggstar upplýsingar um dreifingu tekna og útgjalda eftir hverfum borgarinnar. Eðli máls samkvæmt ganga hverfin í gegnum kostnaðarsama uppbyggingu innviða áður en skatt- og þjónustutekjustreymi hefst að einhverju marki og þá hljóta eldri hverfi að bera hitann og þungann fyrir yngri hverfin. Úttekt á tekjum og útgjöldum á íbúa eftir póstnúmerum (hverfum) fyrir eitt tiltekið ár eða yfir stutt tímabil getur þess vegna gefið ranga mynd. Æskilegt væri þess vegna að draga upp mynd sem gæfi sýn á þróun fremur en eitt tiltekið ár eða stutt tímabil.

Þetta svar á að útskýra í fyrsta lagi hvers vegna dregist hefur að svara fyrirspurninni og í öðru lagi þeim þætti spurningunni er varðar hvort fjármálaskrifstofa sé að vinna að svari.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri